

Fundargerð 11. fundar hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn að Laugalandi kl. 15, 13. janúar 2015.

Mætt eru: Egill Sigurðsson, Renate Hannemann, Nanna Jónsdóttir, Karl Ölvisson og Elín Grétarsdóttir. Björgvin G. Sigurðsson ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

- 1. Fundargerð síðasta fundar.**
- 2. Ljósleiðarinn, staða framkvæmdar.**

Íbúafundur var haldinn um lagningu ljósleiðarans miðvikudaginn 10. desember kl. 20.30 að Laugalandi. Á fundinum var framkvæmdin kynnt í heild sinni og fyrirspurnum íbúa svarað af oddvita og sveitarstjóra, ásamt Guðmundi Daníelssyni verkefnisstjóra. Í kjölfarið hófst vinna við endanlega ákvörðun lagnaleiðar og Guðmundur Daníelsson mun fara á hvert heimili í hreppnum og ákveða lagnaleið í samráði við landeigendur. Þær heimsóknir hefjast í næstu viku og er öll vinna við verkefnið á áætlun. Verið er að ræða við þjónustuaðila um að bjóða fjarskiptaþjónustu á ljósleiðaranum. Von er á viljayfirlýsingu frá slíku félagi og verður þjónustan boðin á sama verði og í þéttbýli.

- 3. Gjaldskrá leikskólans eftir lækkun.**

Leikskólagjöld barna úr Ásahreppi lækkuðu um helming frá 1. janúar 2015, líkt og sveitarstjórn ákvað við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í nóvember. Elsti árgangurinn verður að fullu gjaldfrjál. Leikskólagjöld lækka um helming á alla keypta þjónustu, utan aukagjalds ef börn eru sótt of seint. Það er óbreytt. Áfram greiðir hreppurinn að fullu fæði fyrir börn búsett í hreppnu í grunn- og leikskólunum á Laugalandi. Burtséð frá öðrum afsláttum þá lækka gjöldin nú um helming.

Gjaldskrá Ásahrepps fyrir Leikskólann á Laugalandi:

Gildir frá og með 1. janúar 2015.

Gjald fyrir hverja klst. hjá Ásahreppi 1.673 kr. en var áður 3.346. Lágmarksvistunartími er 4 klst. á dag. Álag á vistunargjald umfram 8 klst. vistun á dag 20%.

4 klst. vistun kr. 6.692, var 13.384
5 klst. vistun kr. 8.365, var 16.730.
6 klst. vistun kr. 10.038, var 20.076

7 klst. vistun kr. 11.711, var 23.422
8 klst. vistun kr. 13.384, var 26.768.

Veittir eru afslættir af vistunargjöldum sem hér segir:

Vistun fyrir 5 ára börn er gjaldfrjál síðasta skólaárið í leikskóla.

Systkinaafsláttur er 50% af vistunargjaldi fyrir annað barn, 90% fyrir þriðja og 100% fyrir fjórða eða fleiri.

Einstæðir foreldrar 15% - kr. 251 af verði hvernar klst.

Foreldrar í námi 15% - kr. 251 af verði hvernar klst.

Foreldri öryrki 15% - kr. 251 af verði hvefrrar klst. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

4. **Tilnefning þriggja fulltrúa í nefnd um samstarf Rangárþings ytra og Ásahrepps.**

Samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings Ytr samþykkti á fundi sínum þann 11.12.14 að endurskoða samstarfssamninga sveitarfélaganna þar sem eftirfarandi var samþykkt: *Rétt er að meta hvernig til hafi tekist með samstarf sveitarfélaganna og hvað megi fara betur með það að markmiði að skýra samstarfið og gera það árangursríkara.*

Samþykkt er á fundinum að hvort sveitarfélag skipi þrjá einstaklinga í viðræðunefnd sem fari yfir alla fleti samstarfsins og skili niðurstöðu fyrir 1. mars á næsta ári. Markmiðið með endurskoðuninni er að efla og auka samstarfið báðum sveitarfélögum til hagsbóta.. Sveitarfélögin eiga mikið samstarf á mörgum sviðum. T.d. um Menningarmiðstöðina, afréttarmálin, leik- og grunnskóla, öldrunarmál og gámasvæði, auk Vatnsveitunnar og snjómoksturs. Mikið er til þess vinnandi að samstarfið gangi vel og skili sem mestum árangri. Mögulega gæti komið til enn frekara samstarfs, svo sem um fjarskiptamál í tengslum við ljósleiðaralögn Ásahrepps. Samþykkt með þremur atkvæðum að skipa Egil Sigurðsson, Nönnu Jónsdóttur og Björgvin G. Sigurðsson sem aðalmenn í viðræðunefnd um samstarf sveitarfélaganna. Elín Grétarsdóttir skipuð til vara. Renate Hannemann og Karl Ölvisson sátu hjá við afgreiðslu tillögunnar sem var borin upp af oddvita.

5. **Fundargerðir til samþykktar.**

- a. Fundargerð Samráðsnefndar Ásahrepps og Ry 11.12.14.
- b. Fundur Fræðslunefndar 27.11.14.

6. **Fundargerðir til kynningar.**

- a. Fundur Félagsmálanefndar 10.12.14.
- b. Stjórn Sorpstöðvar Rangæinga 163. fundur.
- c. Fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 161. fundur.
- d. Héraðsnefnd Rangæinga, 4.12.14.
- e. Stjórn SASS, fundur 488.

7. **Innsend erindi og önnur mál.**

- a. **Samningur um hreinsun rotþróa.** Tekinn var til umræðu og afgreiðslu samningur Sorpstöðvar Rangæinga við Landgræðslu ríkisins um notkun seyru til landgræðslu. Samningurinn markar tímamót í notkun á seyru til landgræðslu. Utan þess að stuðla að aukinni landgræðslu þá er áætlað að samstarfið muni spara sveitarfélögum og íbúum þeirra verulegar fjárhæðir, en til stendur að bjóða reglubunda losun á öllum rotþróum á svæðinu í kjölfarið þriðja hvert ár. Samningurinn samþykktur samhljóða.

- b. **Skólastefna og fræðslumál.** Rætt um fræðslumál og mótun skólastefnu til framtíðar.
- c. **Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands,** eftirlit árið 2014 í grunnskóla, íþróttahús og sundlaug Laugalands sem sveitarfélögin Ásahreppur og Rangárþing ytra reka. Fundið var að nokkrum þáttum og þess farið á leit að úrbætur á upptöldum athugasemdum væri að fullu lokið þremur mánuðum frá dagsetningu bréfsins, sem er 23. desember 2014. Lagt fram til kynningar.
- d. **Styrktarlína.** Ósk um styrktarlínu í SÍBS blaðið. Ákveðið að kaupa styrktarlínu fyrir 6.000 kr.
- e. **Niðurfelling fasteignagjalda.** Beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda fyrir Ásgarð, félagsheimili Ungmennafélags Ásahrepps. Samþykkt að veita styrk á móti fasteignagjöldum félagsins.
- f. **Óskað eftir framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands.** Árgjald fyrir þjónustu er 430 kr. per íbúa og gildir samningurinn í tvö ár. Samþykkt samhljóða að undirrita saminginn og sveitarstjóra falið að gera það.
- g. **Endurskoðun á Þjónustukorti Rangárþings og Mýrdals.** Kortið hefur verið gefið út árlega af sveitarfélögunum á svæðinu frá 2004, kostnaður er áætlaður rúmlega 1.mkr. og er hlutur Ásahrepps 4,94% eða 62.548 kr. Samþykkt að taka áfram þátt í því.
- h. **Upphafsalagning fasteignagjalda.** Ákveðið að álagningarseðlar verði áfram gefnir út á pappírformi, það samþykkt samhljóða. Vinna við upphafsálagningu fasteignagjalda er að hefjast og verða greiðsluseðlar sendir út á næstunni. Fyrsti gjalddagi er 1.2.15.
- i. **Endurbætur á heimasíðu.** Óskað hefur verið eftir tilboðum frá nokkrum aðilum í gerð nýrrar heimasíðu, og verði frá þeim sem gerðu núverandi síðu í endurbætur á henni. Áfram unnið að endurbótum á heimasíðunni með það að markmiði að hún verði gagnvirk, notendavæn og henti í hvívetna í nútímalegri og lýðræðislegri þjónustu við íbúa hreppsins, og aðra þá sem vilja kynna sér og fylgjast með starfsemi sveitarfélagsins. Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttir og Björgvin G. Sigurðsson skipa starfshóp um endurbætur á heimasíðunni.
- j. **Ásgarður og Ungmennafélag Ásahrepps.** Jakob S. Þórarinsson, formaður UÁ og Pétur Einarsson, gjaldkeri UÁ komu á fund hreppsnefnar og ræddu framtíðaráform er varðar Ásgarð og Ungmennafélagsins. Ákveðið að framkvæma óhád mat á kostnaði við að koma húsinu í nothæft ástand. Í framhaldinu verði metin mögulegt hlutverk fyrir Ásgarð til framtíðar. Það samþykkt samhljóða.

- k. Kvenfélagið Framtíðin afþakkar styrk sem hafði verið veittur til þess af hreppnum. Það samþykkt.
- l. Karl Ölvisson spyr um reglur er varðar snjómokstur í sveitarfélaginu. Ákveðið að safna saman reglum um mokstur.

Fundargerð yfirlesin og fundi slitið kl 17.40.